



Reykjavík, 11. janúar 2016

Niðurstaða athugunar á aðskilnaði starfssviða hjá Arion banka hf.

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á aðskilnaði starfssviða hjá Arion banka hf. í lok árs 2014. Markmið athugunarinnar var að kanna hvort aðskilnaður starfssviða hjá bankanum væri í samræmi við kröfur 8. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og 4. þáttar reglugerðar nr. 995/2007 um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja, sem Fjármálaeftirlitið hefur útfært nánar í leiðbeinandi tilmælum nr. 4/2014 um aðskilnað starfssviða. Athuginin beindist að aðskilnaði starfssviða í húsnæði bankans, aðskilnaði í stjórnun og aðskilnaði gagna. Að auki voru reglur, stefnur og önnur skjöl bankans þessu tengd skoðuð. Niðurstöður athugunarinnar lágu fyrir í desember 2015.

Fjármálaeftirlitið gerði eftirfarandi athugasemdir varðandi aðskilnað starfssviða:

- að í stefnu bankans um hagsmunaárekstra væri ekki að finna fullnægjandi greiningu á mögulegum hagsmunaárekstrum eins og skylt er samkvæmt 20. gr. reglugerðar nr. 995/2007,
- að innri reglur bankans veittu framkvæmdastjóra fjárfestingabankasviðs of víðtækar heimildir til aðgangs að gögnum og upplýsingum þeirra starfssviða sem heyra undir fjárfestingabankasviðið og skulu vera aðskilin. Til að tryggja aðskilnað starfssviðanna taldi Fjármálaeftirlitið að framkvæmdastjóri ætti eingöngu að koma að stærri ákvörðunum og fá upplýsingar um starfsemi starfssviðanna frá forstöðumönnum viðkomandi starfssviða nema aflað væri heimildar hjá regluvörslu fyrir frekari aðgangi,
- að starfsmaður fjárstýringar hafði aðgang að starfssvæði sem hann átti ekki að hafa, sbr. leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlits um aðskilnað starfssviða,
- að glerveggir sem aðskilja eiga starfssvið, sem skulu vera aðskilin vegna hættu á hagsmunaárekstum, væru ekki huldir á fullnægjandi hátt,
- að starfsstöðvar framkvæmdastjóra fjárfestingabankasviðs, aðstoðarmanns hans og starfsmanns á sviðinu sem heyrir beint undir framkvæmdastjóra og vinnur þvert á öll starfssvið undir fjárfestingabankasviðinu, væru staðsettar inni á þeim starfssviðum sem ættu að vera aðskilin. Fjármálaeftirlitið taldi að umræddir starfsmenn ættu að vera með starfsstöð utan starfssviðanna,
- að aðstoðarmaður framkvæmdastjóra og starfsmaður á sviðinu sem heyra beint undir framkvæmdastjóra og vinna þvert á öll starfssvið undir fjárfestingabankasviðinu hefðu óheftan aðgang að vinnurýmum tiltekinna starfssviða er heyra undir tilmælin,
- að starfslýsing tiltekins starfsmanns gaf tilkynna að hann væri að sinna verkefnum sem tilheyrðu sviðum fyrir ofan kínamúra og innan þeirra,
- að fyrirtækjaráðgjöf hefði yfir að ráða hluta af fjárfestingabók bankans,
- að framkvæmdastjóri fjárfestingabankasviðs hefði setið í fjárfestingaráði sem tekur ákvarðanir um eigin fjárfestingar bankans,



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

- að starfsmenn rekstrarfélags verðbréfasjóða, sem væri dótturfyrirtæki bankans og sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki, hefðu aðgang að efsta lagi á sameignarsvæði í tölvukerfum bankans,
- að tiltekinn starfsmaður dótturfyrirtækisins væri á póstlista sem ætlaður væri hópi starfsmanna bankans,
- að bankinn fylgdi ekki eigin reglum um takmarkaðan aðgang starfsmanna í einni deild að gögnum annarrar deildar,
- að starfsmenn tiltekinnar deildar hefðu óheftan aðgang að ákveðnum upplýsingum í vöruhúsi gagna sem ekki vörðuðu starfsemi þeirrar deildar sem þeir unnu hjá,
- að starfsmenn tiltekinna starfssviða, sem ættu að vera aðskilin, væru á sameiginlegum póstlista,
- að aðstoðarmaður framkvæmdastjóra og starfsmaður á sviðinu sem heyra beint undir framkvæmdastjóra og vinna þvert á öll starfssvið undir fjárfestingabankasviðinu hefðu óheftan aðgang að gögnum tiltekinna starfssviða er undir fjárfestingabankasvið heyra,
- að starfsmaður sem ynni þvert á öll starfssvið innan fjárfestingabankasviðs væri á hópnetfangi sem tilheyrði einu starfssviði sem ætti að vera aðskilið.

Fjármálaeftirlitið fór fram á að Arion banki hf. gerði viðeigandi úrbætur vegna athugasemdanna. Óskað var eftir því að innri endurskoðandi framkvæmdi úttekt á úrbótunum og skilaði Fjármálaeftirlitinu greinargerð í síðasta lagi 17. mars 2016.